



## SAMBAND SVEITARFÉLAGA Á SUÐURNESJUM

Skógarbraut 945 • 235 Reykjanesbær • Kt. 640479-0279  
Sími 420 3288 • Netfang sss@sss.is

### 745. fundur

Árið 2019, er fundur haldinn í stjórn Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum  
mánudaginn 24. júní, kl. 8:00 á skrifstofu S.S.S., Skógarbraut 945, Reykjanesbæ.

Mætt eru: Kolbrún Jóna Pétursdóttir, Hjálmar Hallgrímsson, Einar Jón Pálsson, Ingþór  
Guðmundsson og Berglind Kristinsdóttir sem jafnframt ritaði fundargerð.

Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

1. *Tölvupóstur dags. 11.júní frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga vegna boðunar á aukalandsþing.*  
Á 871.fundi stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga var samþykkt að boða til auka landsþings til að ræða tillögu að stefnumótandi áætlun ríkisins í málefnum sveitarfélaga. Fundurinn verður haldinn föstudaginn 6. september 2019.
2. *Afrit af minnisblaði frá Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, dags. 07.06.2019 vegna starfa án staðsetningar.*  
Lagt fram til kynningar.
3. *Drög að viljayfirlýsingu um samstarf vegna Heilsueflandi samfélags á Suðurnesjum.*  
Stjórn Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum samþykkir að undirrita viljayfirlýsingu um samstarf um heilsueflandi samfélag á Suðurnesjum ásamt sveitarfélögunum á Suðurnesjum, Heilbrigðisstofnun Suðurnesja og Embætti landlæknis. Framkvæmdastjóra falið að undirrita viljalýsingu fyrir hönd S.S.S.
4. *Drög að samningi um Sóknaráætlun 2020-2024.*  
a) *Skapalón/rammi fyrir sóknaráætlanir landshluta 2015, til upprifjunar.*  
Stjórn S.S.S. hefur engar athugasemdir að sinni við samningsdrögin.
5. *Drög að persónuverndarstefnu Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum.*  
Stjórn Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum samþykkir persónuverndarstefnuna.
6. *Drög að vinnsluskrá Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum vegna umsókna til Uppbyggingarsjóðs Suðurnesja.*  
Stjórn Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum samþykkir vinnsluskránnu með áorðum breytingum.

KJP  
ESP  
S.A.  
H.H.



SAMBAND SVEITARFÉLAGA  
Á SUÐURNESJUM


Skógarbraut 945 • 235 Reykjanesbær • Kt. 640479-0279  
Sími 420 3288 • Netfang sss@sss.is


7. Fundargerð Heklunnar nr. 72. dags. 24.05.2019.  
Lagt fram til kynningar.
8. Bréf dags. 23.05.2019 frá Mennta- og menningarmálaráðuneytinu vegna Byggðaaætlunar 2018-2024. C14 Samstarf safna – ábyrgðarsöfn.  
Framkvæmdastjóra er falið að senda sveitarfélögum á Suðurnesjum erindið og óska eftir afstöðu þeirra. Óskað er eftir því að sveitarfélögin skili inn afstöðu fyrir 25. júlí.
9. Drög að minnisblaði til Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis dags. 27.05.2019 v. tillögu í framkvæmd aðgerðar C16- Vaxtarsvæði.  
Stjórn S.S.S. lýsir yfir ánægju með að verkefnið sé komið af stað.
10. Önnur mál.  
Formaður stjórnar S.S.S. sagði frá fundi framkvæmdastjóra og formanna landshlutasamtakanna sem haldinn var að Laugarbakka í byrjun mánaðarins. Á fundinum var m.a. rædd almenningssamgöngur og sorpmál.

Einar Jón Pálsson sagði frá fyrsta fundi byggingarnefndar Fjölbautaskóla Suðurnesja.

Næsti fundur stjórnar verður þann 14. ágúst kl. 8:00.

*Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 8:55.*

  
Kolbrún Jóna Pétursdóttir

  
Einar Jón Pálsson

  
Hjálmar Hallgrímsson

  
Ingþór Guðmundsson

  
Berglind Kristinsdóttir